

Viðauki þessi öðlast gildi 1. febrúar 1911.

Þetta er hérmeð birt öllum þeim til eftirbreytni, er hlut eiga að máli.

11
20. jan.

Í stjórnarráði Íslands, 20. janúar 1911.

Björn Jónsson.

Eggert Briem.

Hafnarreglugjörð

12
31. jan.

fyrir Ísafjarðarkaupstað.

Stjórnarráð Íslands hefir 31. janúar 1911 gefið út svofelda hafnarreglugjörð fyrir Ísafjarðarkaupstað.

I. Hafnargjald.

Af öllum skipum (að undanteknum þeim, er síðar getur um), sem mæld eru til lestatafs, hvort sem þau eru vörum fermd, með seglfestu eða tóm, skal reiða í hafnargjald 5 aura af hverri smálest alls farrúmsins í hvert sinn, er þau leggjast á höfninni eftir að þau hafa komið frá Danmörku eða útlöndum, eða, ef um skip ræðir, sem fara að eins milli hafna á Íslandi, þá, er þau í fyrsta sinn á árinu varpa akkerum á höfninni; og rennur gjald þetta eins og önnur þau gjöld, er ræðir um í reglugjörð þessari, í hafnarsjóð Ísafjarðar. Er skip fermir eða affermir á höfninni, skal ennfremur gjalda 10 aura af hverri smálest.

Af skipum, er hafna sig oftast en einu sinni á árinu á Ísafjarðarhöfn, greiðast gjöld þessi eigi að fullu nema hið fyrsta skiftið, er þau eru greidd á því ári, en að eins með $\frac{3}{4}$ hin önnur skiftin.

Af skipum, er annaðhvort flytja farm í land eða frá landi, skal greiða framangreind gjöld, þá er lagst er fyrir innan línu, sem hugsast dregin frá hinum svonefndu Innribásam á Kirkjubólshlíð í svokallaðan Urtustein á Eyrarhlíð, en af öðrum skipum ekki nema lagst sé fyrir innan línu, er hugsast dregin frá Norðurtanganum þvert yfir í stein eða annað merki á Kirkjubólshlíð, er sé málað hvítt að ofan en rautt að neðan. Gjaldið skal og greiða af skipum, er leita hafnar fyrir ísreks sakir, storma eða því um líks.

12

31. jan.

II. Aukagjald.

Auk þeirra gjalda, er þegar eru talin, skal ennfremur greiða:

1. 2 aura um daginn af hverri smálest í skipi, er lagt hefir verið upp á Ísa-fjarðar fjöru til hreinsunar eða aðgerðar, og
2. 2 aura af hverri smálest skips, er tekur eða kastar út seglfestu í landi kaupstaðarins.

III. Undanþágur frá hafnargjaldi.

Undanþegin eru hafnargjaldi:

1. Öll herskip og skemtiskip, hvernar þjóðar sem eru,
2. öll skip, sem að fiskiveiðum eru undir ströndum Íslands, ef þau afferma ekki né ferma annað en það, er afla þeirra og útgerð snertir, og
3. skip, er leita hafnar vegna sjóskemda, enda þótt farmur þeirra hafi verið úr þeim fluttur, ef þau aftur flytja burt farminn allan og eigi annað.

IV. Seglfesta.

Seglfestu má eigi taka í landi bæjarins annars staðar en þar, er lög-reglustjóri leyfir.

Eigi má kasta út seglfestu á höfninni né flytja á land bæjarins, nema lögreglustjóri leyfi.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. apríl 1911, og skal endurskoða hana fyrir 1. janúar 1916.

I stjórnarráði Íslands, 31. janúar 1911.

Björn Jónsson.

Jón Hermannsson.